

39. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði , aukafundur 16.03 2020, kl. 16:30

Fundurinn er lokaður.

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Lárus Heiðarsson. Eiríkur J. Kjerúlf tilkynnti seinkun stuttu fyrir fund , en stefnir á að mæta seinna á fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Málafni er varða oddvitaskipti, framkvæmdastjórn og nefndaskipan.
 - a) Ráðning sveitarstjóra.
 - b) Framkvæmdastjórn á tímabilinu frá 3. mars 2020 til 1. júní 2020.
 - c) Staða og starfskjör nýkjörins oddvita
 - d) Nefndaskipan
2. Erindi ferðapjónustuaðila í Fljótsdal dagsett 11.mars.
3. Viðarkynding í Végarði.
4. Brunavarnir í gistihúsi við Végarð
5. COVID-19 veira

1. Málafni er varða oddvitaskipti, framkvæmdastjórn og nefndaskipan.

Oddviti kynnti að í samræmi við það sem ákveðið var á fundi sveitarstjórnar þann 6. mars sl., hafi hann ásamt varaoddvita og fráfaramandi oddvita, að höfðu samráði við lögmann sveitarfélagsins unnið að tillögum um hvernig framkvæmdastjórn og nefndaskipan sveitarfélagsins skuli hagað við þær breyttu aðstæður sem felast í því að oddviti gegnir ekki lengur jafnframt stöðu framkvæmdastjóra sveitarfélagsins

- a) Ráðning sveitarstjóra.

Ráðinn verði til starfa sveitarstjóri út yfirstandandi kjörtímabil frá 1. júní 2020 að telja. Auglýst verði eins fljótt og kostur er eftir umsóknum. Oddvita og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að hafa umsjón með auglýsinga- og ráðningarferlinu, en fullskipuð sveitarstjórn taki ákvörðun um ráðningu.

Samþykkt samhljóða

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

- b) Framkvæmdastjórn á tímabilinu frá 3. mars 2020 til 1. júní 2020.

Fráfaramandi oddviti verði í starfi framkvæmdastjóra í samræmi við 42. gr. samþykktar um stjórn Fljótsdalshrepps nr. 98/2013 á tímabilinu frá 3. mars 2020 til og með 31. maí 2020. Um starfskjör fari samkvæmt samningi sveitarfélagsins og fráfaramandi oddvita dags. 7. ágúst 2018 og viðauka við hann sem er hluti af tillögunni. Oddvita er veitt heimild til að undirrita viðaukann fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða

Gunnþórunn kom aftur til fundar

Jóhann F. vék af fundi vegna vanhæfis og varaoddviti tók við fundarstjórn

c) Staða og starfskjör nýkjörins oddvita

Um stöðu og starf nýkjörins oddvita fari samkvæmt samþykkt um stjórn Fljótsdalshrepps nr. 98/2013. Í því felist meðal annars að dagskrá sveitarstjórnarfundar skuli ákveðin í samráði við oddvita sbr. 10. gr. og oddviti stýri fundum sveitarstjórnar í samræmi við 15. gr. Þá verði oddviti í fyrirsvari fyrir sveitarfélagið um annað en það sem heyri undir framkvæmdastjóra í þeim efnum. Viðbótarlaun nýkjörins oddvita fyrir tímabilið frá 3. mars 2020 til 1. júní 2020 verði ákvörðuð eftir umfangi, sbr. 3. mgr. 41. gr. samþykktar nr. 98/2013, í júní 2020 og gerð upp þá. Á fundi sveitarstjórnar í júní verði jafnframt ákveðið hver skuli vera laun oddvita frá 1. júní að telja.

Samþykkt samhljóða

Jóhann kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn

d) Nefndaskipan

Að svo stöddu er ekki talin þörf á breytingum á nefndaskipan, umfram það sem ákveðið var á fundi sveitarstjórnar 6. mars 2020.

Samþykkt samhljóða

2. Erindi ferðapjónustuaðila í Fljótsdal dagsett 11.mars.

„Efni; Ósk um sérstakt markaðsfé til að bregðast við fækkun erlendra ferðamanna vegna COVID-19.

Við undirrituð, fyrir hönd ferðapjónustuaðila sem starfa í Fljótsdal, óskum með bréfi þessu eftir að sveitarstjórn Fljótsdalshrepps setji sérstakt fjármagn í markaðssetningu á svæðinu sem beint verði að innlendum markaði vegna sumarsins 2020.

Elísabet Þorsteinsdóttir, f.h. Klausturkaffis Sigríður Stefánsdóttir, f.h. Hengifoss guesthouse Steingrímur Karlsson, f.h. Óbyggðasetursins Skúli Björn Gunnarsson, f.h. Gunnarsstofnunar Agnes Brá Birgisdóttir, f.h. Snæfellsstofu Vatnajökulsþjóðgarðs“

Áætlaður kostnaður samkvæmt innsendu erindi dagsett 11.mars 2020 er kr. 1.800.000,-

Sveitarstjórn samþykkir allt að kr. 900.000,- í markaðsstyrk til ofangreindra ferðapjónustuaðila vegna óvæntra aðstæðna af völdum COVID-19. Styrkurinn greiðist samkvæmt framlögðum reikningum af útlögðum kostnaði.

Samþykkt samhljóða

Eiríkur kom til fundar

3. Viðarkynding í Végarði.

Kynntar voru hugmyndir að uppsetningu á viðarkyndingu fyrir Végarð. Tandraberg á Eskifirði hefur boðið sveitarfélaginu að taka þátt í tilraunaverkefni í samstarfi við Orkusjóð, um notkun á viðarperlum til húshitunar. Kostnaður sveitarfélagsins yrði óverulegur og þá hugsanlega vegna pípulagna og tenginga innanhúss. Áður en endanleg ákvörðun verður tekin þarf Húsnefnd Végarðs að fjalla um málið og síðan að bera það undir byggingafulltrúa. Sveitarstjórn er jákvæð fyrir þessum hugmyndum og Lárusi falið að vinna áfram að málinu.

4. Brunavarnir í gistihúsi við Végarð

Fara þarf í lagfæringar á brunavörnum í gistihúsinu vegna athugasemda slökkviliðstjóra. Sveitarstjóra falið að koma framkvæmdunum á.

5. COVID-19 veira

Íbúar eru minntir á að samkomubann hefur tekið gildi og er frá 16.3.2020 til 13.4.2020. Með samkomubanni er átt við samkomur sem eru fjölmennari en 100 manns. Íbúar eru einnig hvattir til að kynna sér forvarnir gagnvart smiti, fylgjast með fjölmiðlum og kynna sér upplýsingasíðuna <https://www.covid.is/>.

Fundi slitið klukkan 18:13

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)